

Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga 2010

Sveitarstjórnarstigið fyrr og nú

Smári Geirsson

Sveitarstjórnarstigið og hlutverk sveitarstjórnarmannsins

- Ætlunin að fjalla um persónulega reynslu af þeim breytingum sem átt hafa sér stað.
- Fjallað um sveitarstjórnarstigið sem stjórnsýslustig ásamt hlutverki og stöðu sveitarstjórnarmannsins.
- Sumt hefur breyst verulega á þeim tæplega 30 árum sem undirritaður hefur verið sveitarstjórnarmaður – annað hefur lítt eða ekkert breyst.
- Farið úr einu í annað.

Reynslan breytir viðhorfum

- Í upphafi hugsa flestir sveitarstjórnarmenn þröngt – gefa kost á sér í þeim tilgangi að vinna sínu sveitarfélagi gagn.
- Hægt og bítandi verður mönnum ljóst að sum verkefni eru þess eðlis að þeim verður helst sinnt í svæðisbundnu samstarfi sveitarfélaga. Landshlutasamtök sveitarfélaga skipta miklu máli í slíku samstarfi (lögbundin samstarfsverkefni – sjálfvalin samstarfsverkefni).

Reynslan breytir viðhorfum

- Loks kemur að því að mönnum verður ljóst að sveitarfélagið er hluti af neðra stjórnsýslustiginu og hagsmunir allra sveitarfélaga á mörgum sviðum eru samofnir.
- Mikilvægt að sveitarfélögin sem heild eigi sér sterkan málsvara út á við og gagnvart ríkisvaldinu – Samband íslenskra sveitarfélaga.

Reynslan breytir viðhorfum

- Algengt að ungir sveitarstjórnarmenn geri lítið úr svæðisbundnu samstarfi sveitarfélaga og samstarfi sveitarfélaga á landsvísu – reynslan breytir yfirleitt þeim viðhorfum.
- Samstarf einfaldara nú en áður (færri – sveitarfélög – breytingar á sviði samganga – samskiptatækni).
- Mikilvægt að öllum sé ljóst hver verkefni landshlutasamtaka og heildarsamtaka sveitarfélaga eru – sagan mikilvæg í því sambandi.

Fræðsla mikilvæg

- Sú fræðsla sem sveitarstjórnarmenn eiga kost á er miklu meiri en áður var – Samband íslenskra sveitarfélaga stendur fyrir henni.
- Mikilvægt að sveitarstjórnarmenn notfæri sér þá fræðslu sem í boði er.
- Sveitarstjórnarmenn stærri sveitarfélaga notfæra sér síður fræðlustilboðin.
- Fræðsla mikilvægust fyrir nýliða en einnig mikilvægt fyrir reynda sveitarstjórnarmenn að hressa upp á þekkingu sína.

Verkefnin hafa breyst

- Á síðustu 30 árum hafa verkefni sveitarstjórna tekið verulegum breytingum.
- Áður tengdust helstu verkefnin gjarnan atvinnumálum, íbúapróun og samgöngumálum.
- Nú á tímum ber miklu meira á verkefnum sem tengjast þjónustu sbr. skólahald, félagsþjónusta o. fl. (grunnskólinn fluttur frá ríki til sveitarfélaga 1996, yfirfærsla á málefnum fatlaðra, yfirfærsla á málefnum aldraðra).

Ný verkefni – meiri vinna

- Með nýjum verkefnum hefur álagið á sveitarstjórnarmenn aukist.
- Sveitarstjórnarmenn þurfa að setja sig inn í fleiri málefni en áður og fást við fjölpættari verkefni.
- Sveitarstjórnarstarfið krefst sífellt meiri tíma – erfiðara að samræma starf á vinnumarkaði og setu í sveitarstjórn.
- Kjaramál kjörinna fulltrúa alltaf sama vandræðamálið – engin breyting.

Ríkið erfitt viðureignar

- Baráttu sveitarfélaganna við efra stjórnarsýslustigið hefur ávallt verið erfið.
- Ríkisvaldið hefur ótrúlega oft litið framhjá tilvist neðra stjórnarsýslustigsins og ekki tekið mið af hagsmunum þess.
- Lagasetning sem felur í sér verkefni og útgjöld fyrir sveitarfélögin algeng - takmarkað samráð haft við sveitarfélögin.
- Mikilvægt að Samband íslenskra sveitarfélaga sé sterkt og standi vaktina við erfið skilyrði.

Virðing fyrir kjörnum fulltrúum

- Færa má rök fyrir því að virðing fyrir kjörnum fulltrúum hafi minnkað.
- Alþekkt er að virðing fyrir alþingismönnum og ráðherrum hefur beðið hnekki – slíkt yfirfæririst á sveitarstjórnarmenn.
- Ýmislegt sem gengið hefur á í ýmsum sveitarfélögum að undanfögnu ekki til álitsauka – sbr. átök í borgarstjórn Reykjavíkur á síðasta kjörtímabili.

Upplýsingar um störf sveitarstjórna

- Upplýsingar um störf sveitarstjórna eru meiri og aðgengilegri en áður.
- Áður fengu íbúar takmarkaðar upplýsingar og þær gjarnan pólitískt litaðar.
- Heimasíður sveitarfélaga á netinu eru bylting – fréttir, fundargerðir, margháttar aðrar upplýsingar.
- Mörg sveitarfélög senda út fundi sveitarstjórnar á netinu.
- Fækkun sveitarfélaga með sameiningum gerir það að verkum að íbúum finnst oft að sveitarstjórnarmenn hafi fjarlægst þá.

Umræðan öðruvísi en áður

- Umræða um sveitarstjórnarmál hefur tekið breytingum eins og umræða um þjóðfélagsmál almennt – vettvangur umræðunnar hefur breyst.
- Umhugsunarefni hvers eðlis drjúgur hluti umræðu á netinu er (blogg og samskiptasíður).
- Áhyggjuefni hvernig unnt er að „taka fólk af lífi“ á netinu.
- Hvaða áhrif mun netumræðan hafa – mun hún fæla fólk frá þátttöku í sveitarstjórnarmálum?

Flokkapólitík - samstöðustjórnsmál

- Fyrr á árum var flokkapólitík almennt skýrari í sveitarstjórnnum en síðar varð – einnig oft skarpari skil á milli meirihluta og minnihluta.
- Þróunin hefur falið í sér meira samstarf á milli meirihluta og minnihluta en áður tíðkaðist (ekki algilt).
- Efnahagskreppan hefur stuðlað að viðtækara samstarfi innan sveitarstjórna – samstöðustjórnsmál.
- Efnahagskreppan hefur veikt stöðu hefðbundinna stjórnmálaflokka.

Ýmsar breytingar áhrifaríkar

- Oft er því haldið fram að sveitarstjórnarstigið sé í reynd staðnað og framþróunin þar afar takmörkuð. Er sanngjarnt að halda þessu fram?
- Fjöldi sveitarfélaga hefur breyst mikið á síðustu 30 árum: Þau voru 224 árið 1982 en eru 76 nú.
- Árið 1982 áttu 148 konur sæti í sveitarstjórnnum (12,4% sveitarstjórnarmanna). Í 113 sveitarstjórnnum sat engin kona.
- Nú sitja 204 konur í sveitarstjórnnum (39,8% sveitarstjórnarmanna). Engin kona situr í 1 sveitarstjórn. Í 16 sveitarstjórnnum eru konur meirihluti sveitarstjórnarmannanna.

Ýmsar breytingar áhrifaríkar

- Fullvíst má telja að meðalaldur sveitarstjórnarmanna sé til muna lægri nú en hann var fyrir 30 árum. Þarft að skoða þróun í þessum efnum.
- Fylgi við þá hugmynd að auka hlutdeild sveitarfélaganna í stjórnsýslunni hefur farið vaxandi. Æskilegt að færa mörg verkefni frá ríki til sveitarfélaga og þar með nær íbúunum. Sveitarfélögin verða þá að hafa styrk til að taka á móti verkefnunum – þess vegna þarf þeim að fækka.

Lífsreynsla og menntun

- Það er lífsreynsla fyrir alla að vinna að sveitarstjórnarmálum. Hin fjölbreyttu viðfangsefni sveitarfélaganna stuðla að víðtækri þekkingu sveitarstjórnarmanna.
- Mikilvægt að hæft fólk sé fánlegt til að gefa kost á sér til setu í sveitarstjórnnum – störf að sveitarstjórnarmálum þyrftu að vera aðlaðandi og þau þyrftu jafnframt að vera einhvers metin í samfélaginu.

Lokaorð

- Undirritaður átti sæti í sveitarstjórn í 28 ár. Starfið stuðlaði að víðsýni og fjölþættri þekkingu.
- Stundum voru erfiðir tímar, en oftast skilaði vinnan óumdeildum árangri.
- Læt af störfum sáttur. Komið nóg, en sem betur fer er eftirsjá til staðar.
- Vildi ekki fyrir nokkurn mun hafa misst af þeirri lífsreynslu að sitja í sveitarstjórn.

Takk fyrir